



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 9. nóvember 2021

SFS2021090143

0.3.2

Ráðhús Reykjavíkur

Borgarráð

### ***Efni: Almennar aðgerðir menntastefnu Reykjavíkurborgar 2022 - 2024***

Á fundi skóla- og frístundarráðs þann 9. nóvember 2021 voru lagðar fram Almennar aðgerðir menntastefnu Reykjavíkurborgar 2022-2024 ásamt Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.

Almennar aðgerðir menntastefnu Reykjavíkurborgar 2022-2024 voru samþykktar og vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Framtíðarhópur í menntamálum sem ráðið skipaði fyrir rúmu ári hefur unnið að tillögum að almennum aðgerðum menntastefnunnar fyrir næstu þrjú ár og liggja þær nú fyrir til afgreiðslu. Aðgerðirnar skiptast í tíu liði sem saman mynda ákveðna forgangsröðun varðandi innleiðingu menntastefnunnar á komandi árum. Þar er jöfnum höndum að finna ný áhersluatriði eins og loftslagsmál, sem stærsta viðfangsefni heimsbyggðarinnar um þessar mundir en líka heilbrigði með sérstakri áherslu á geðheilbrigðismál sem verða enn veigameiri þáttur í kjölfar heimsfaraldursins sem hefur að vonum aukið andlegt og líkamlegt álag á bæði börn og starfsfólk. Tillagan um almennu aðgerðirnar var send til umsagnar í öll foreldra- og skólaráð borgarinnar sem og til helstu haghafa um formlega og óformlega menntun í Reykjavíkurborg. Á grunni þessara aðgerða verður lögð fram útfærð aðgerðaráætlun með skilgreindum verkþáttum sem verður um leið kjarninn í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs 2022 - 2024. Aðgerðirnar eru tengdar beint við áherslur stefnunnar og eru liður í innleiðingu menntastefnunnar sem gildir til 2030.

Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:  
Almennar aðgerðir menntastefnu Reykjavíkurborgar 2022-2024  
Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

## Innleiðing Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ Almennar aðgerðir 2022-2024

[Menntastefna Reykjavíkur „Látum draumana rætast“](#) var samþykkt í Borgarráði þann 20. nóvember 2018, á degi samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Menntastefnan „leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun“.

Menntastefnan var unnin í víðtæku samráði við börn, foreldra, kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfinu, erlenda og innlenda sérfræðinga og borgarbúa í gegnum [„Betri Reykjavík“](#). Tilgangur stefnumótunarinnar var að ná víðtækri samstöðu um framtíðaráherslur í skóla- og frístundastarfi borgarinnar og skerpa forgangsröðun á mikilvægustu umbóta-verkefnum.

Menntastefnan er leiðarljós í öllu skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar en markmiðið með innleiðingu hennar er fjölpætt og snertir alla fleti daglegs starfs í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Rík áhersla er lögð á að fagfólk á vettvangi útfæri stefnuna miðað við aðstæður á hverjum stað, í náinni samvinnu sín á milli, við aðra fagaðila og síðast en ekki síst með virkri þátttöku barna og unglunga. Allar nánari upplýsingar um Menntastefnu Reykjavíkur, „Látum draumana rætast“, innleiðingu hennar og áherslupætti er að finna á heimasíðu stefnunnar: [www.menntastefna.is](http://www.menntastefna.is)

Samhliða samþykkt stefnunnar voru lagðar fram [tíu almennar aðgerðir til þriggja ára](#). Með þeim skuldbundu borgaryfirvöld sig til þess að veita starfsstöðum nauðsynlegan stuðning við innleiðingarferlið. Hægt er að nálgast [stöðuskýrslur um innleiðingu stefnunnar](#) frá samþykkt hennar á vef menntastefnunnar en fyrstu þremur árum innleiðingar lýkur 2021.

[13. október 2020 samþykkti skóla- og frístundaráð](#) að settur yrði á fót framtíðarhópur sem hefði það hlutverk að leggja grunn að nýrri aðgerðaráætlun menntastefnu fyrir tímabilið 2022-2024. Hópurinn skyldi taka til umfjöllunar helstu sóknarfæri, álitamál og umbótaverkefni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar til náinnar framtíðar. [Framtíðarhópurinn tók til starfa í upphafi árs 2021 og lauk störfum](#) með því að leggja fram þær tíu tillögur að almennum aðgerðum sem hér fara á eftir. Aðgerðirnar voru sendar til umsagnar í öll foreldra- og skólaráð borgarinnar sem og til helstu haghafa um formlega og óformlega menntun í Reykjavíkurborg. Á grunni þessara aðgerða verður lögð fram aðgerðaráætlun með skilgreindum verkþáttum sem verða um leið kjarninn í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs 2022-2024. Aðgerðirnar eru tengdar beint við áherslur menntastefnunnar og eru liður í þeirri vegferð sem innleiðing stefnunnar felur í sér til ársins 2030.








# Almennar aðgerðir 2022-2024

## Loftslagsmál og umhverfi

Unnið verður markvisst að allsherjar vitundarvakningu um loftslagsmál og vistvænan lífsstíl í samræmi við *Græna planið* hjá Reykjavíkurborg. Efnt verður til víðtæks samstarfs við nærsamfélagið, félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki á sviði umhverfismála með sérstakri áherslu á virkar aðgerðir í skóla- og frístundastarfinu. Aðgerðir gegn frekari loftslagsbreytingum er forsenda lífsgæða framtíðar kynslóða. Leitast verður við að auka samtal og umræður við börn og unglinga um umhverfismál og hnattræn áhrif af hlýnun jarðar ásamt því að bæta aðgengi að námsefni, fræðslu og verkefnum sem fela í sér virka þátttöku þeirra og aukna alheimsvitund. Samstarf milli starfsstaða og við aðila tengda umhverfisvernd og aðgerðum gegn loftslagsbreytingum verður eftt ásamt tengingum náms við heimsmarkmið og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Menntun til sjálfbærni verður fléttað inn í allt nám og leik barna. Stefnt er að því að fleiri skólar í borginni taki þátt í verkefninu *Skólar á grænni grein*. Veittur verður viðeigandi stuðningur svo allir starfsstaðir SFS geti lokið innleiðingu *Grænna skrefa* og annarra sambærilegra verkefna í starfsemi Reykjavíkurborgar. Leitað verður leiða til að auka notkun á vistvænum samgöngum sem og bæta framboð á vistvænum mat í mótuneytum barna og starfsfólks og hvatt til ábyrgrar nýtingar efnis og auðlinda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Miðstöð útivistar og útináms gegnir lykilhlutverki í stuðningi við skóla- og frístundaskrifstofur í hverfum og starfsstaði í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.






## Tenging við menntastefnu

<p>Framtíðarsýn</p>  <p>Látum draumana rætast</p>	<p>Leiðarljós</p>  <p>Fagmennska og samstarf í öndvegi</p>	<p>Leiðarljós</p>  <p>Barnið sem virkur þátttakandi</p>	<p>Grundvallarpáttur</p>  <p>Læsi</p>	<p>Grundvallarpáttur</p>  <p>Sjálfsþing</p>
--	---	--	---	--

## Markviss menntun fyrir öll börn

Með innleiðingu á verkefninu *Betri borg fyrir börn* í öllum borgarhlutum og nýrra laga um farsæld barna verður þjónusta færð út í hverfin í nærumhverfi barna. Unnið verður að aukinni farsæld barna í þverfaglegu samstarfi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs Reykjavíkur. Leitað verður fjölbreyttra og skapandi lausna til að koma til móts við ólíkar þarfir barna í skóla- og frístundastarfi með árangur þeirra og framfarir að leiðarljósi. Gætt verður að kynjasambættingu, jafnrétti og jöfnuði í öllu skóla- og frístundastarfinu. Með einstaklingsmiðaðri nálgun verði stuðlað að félagslegu réttlæti og jafnræði barna til náms og virkrar þátttöku. Lögð verður áhersla á að efla fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf og unnið að aukinni þátttöku fjöltyngdra barna og foreldra þeirra í skóla- og frístundastarfi.

## Tenging við menntastefnu






<p>Leiðarljós</p>  <p>Fagmennska og samstarf í öndvegi</p>	<p>Leiðarljós</p>  <p>Barnið sem virkur þátttakandi</p>	<p>Grundvallarpáttur</p>  <p>Sjálfsþing</p>	<p>Grundvallarpáttur</p>  <p>Félagsfærni</p>	<p>Grundvallarpáttur</p>  <p>Heilbrigði</p>
---	--	--	--	--

---

## Sjálfsþinging, félagsfærni og lýðræði

Með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, lýðræði og virka þátttöku að leiðarljósi verður lögð áhersla á félagsfærni og sjálfsþingingu allra barna. Unnið verður að því að valdefla börn með virku barna- og unglíngalýðræði og þeim skapað tækifæri til að taka þátt í umræðum og koma skoðunum sínum á framfæri um öll málefni sem að þeim snúa og skipta þau máli. Markviss vinna með að efla samskiptafærni, félagsfærni og tilfinningagreind þarf að fara fram í formlegu sem óformlegu námi og í samstarfi skóla- og frístundastarfs meðal barna og fullorðinna með samkennd og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Mikilvægt er að öll börn hafi rödd í lýðræðislegu ákvörðunarferli, ekki síst þau þau börn sem tilheyra minnihlutahópum. Unnið verður að því að efla náms- og starfsfræðslu með ráðgjöf og markvissum kynningum á fjölbreyttum náms- og starfstækifærum. Með aukinni mannréttindafræðslu, fjölgun Réttinda-skóla og Réttindafrístundar, auknum stuðningi við nemendafélög og ungmennaráð, ásamt verkefnum sem byggja á hugmyndafræði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, er stuðlað að barnvænu skóla- og frístundastarfi.

### Tenging við menntastefnu






Leiðarljós  Barnið sem virkur þátttakandi	Grundvallarþáttur  Sjálfsþinging	Grundvallarþáttur  Félagsfærni	Leiðarljós  Fagmennska og samstarf í öndvegi	Grundvallarþáttur  Heilbrigði
--	---	---	--	--

---

### Menningarlegur margbreytileiki

Unnið verður að auknu menningarnæmi, menningarlæsi og getu barna og fullorðinna til að bregðast við sífellt vaxandi menningarlegum fjölbreytileika í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Sérstaklega verði spornað við fordómum og hugað að þeim börnum sem á einhvern hátt eiga á hættu að vera jaðarsett, s.s. vegna þroska, kynhneigðar, kyns, uppruna, félagslegrar stöðu eða annars.

### Tenging við menntastefnu

Grundvallarþáttur  Heilbrigði	Grundvallarþáttur  Sjálfsþinging	Grundvallarþáttur  Félagsfærni	Leiðarljós  Barnið sem virkur þátttakandi	Leiðarljós  Fagmennska og samstarf í öndvegi
--	---	---	---	---

---

---

## Læsi í víðu samhengi

Efla á málþroska, læsi og lesskilning barna með fjölbreyttum aðferðum á vettvangi alls skóla- og frístundastarfs til að þorri barna hafi náð góðri læsisfærni í lok 1. bekkjar en þannig er lagður mikilvægur grunnur að árangursríkri menntun barna. Sérstök áhersla verður lögð á aukið samstarf við foreldra. Unnið verður með læsi í víðum skilningi og tryggt að börn fái tækifæri til að verða læs á sjálf sig, umhverfi sitt, samfélag og náttúru með áherslu á menntun til sjálfbærni. Miðja máls og læsis mun gegna lykilhlutverki með stuðningi við skóla- og frístundaskrifstofur í hverfum og alla starfsstaði í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Staðið verður fyrir fjölbreyttri starfsþróun og stuðningi við lærdómssamfélög verður fram haldið.

## Tenging við menntastefnu




---

## Heilbrigði og vellíðan

Unnið verður að bættu heilbrigði og aukinni vellíðan í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Sérstaklega verður hugað að þáttum sem tengjast andlegri líðan með markvissum aðgerðum til að bæta geðheilbrigði, kynheilbrigði, efla þrautseigju og getu barna til að takast á við áföll og áskoranir í daglegu lífi. Aðgengi barna og starfsfólks að stuðningi og ráðgjöf til að bregðast við og takast á við andlega vanlíðan verður bætt. Sérstök áhersla verður lögð á forvarnir með fræðslu og opinni umræðu um þau málefni sem geta haft áhrif á hegðun og líðan barna. Gefið verður aukið svigrúm til fjölbreyttrar hreyfingar innan heildstæðs skóla- og frístundadags og aukin áhersla lögð á heilbrigðar neysluvenjur, útvist og útinám.

## Tenging við menntastefnu




---

## Nýsköpun og framsækni í námi og leik

Leitast verði við að skapa umhverfi þar sem börn vinna saman að samþættum verkefnum sem tengjast áhugamálum þeirra og styrkleikum með áherslu á sjálfbærni og samfélagslegar áskoranir. Hlúð verður að umhverfi nýsköpunar, lista og menningar með áherslu á samfélagslega nýsköpun og framsæknar lausnir þegar kemur að inntaki náms og starfsaðferðum. Nýsköpunarmiðja menntamála mun gegna þar lykilhlutverki með stuðningi við skóla- og frístundaskrifstofur í hverfum og alla starfsstaði í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

### Tenging við menntastefnu




---

### Faglegt samstarf og starfsþróun

Fjölbreytt samstarf og starfsþróun verður sem fyrr undirstaðan í innleiðingu menntastefnunnar. Samstarfi við menntavísindasvið Háskóla Íslands verður haldið áfram og komið verður á samstarfi við aðra háskóla með það að markmiði að efla starfsþróun og rannsóknir. Byggt verður á niðurstöðum innlendra og erlendra rannsókna í þróun skóla- og frístundastarfs með áherslu á gagnreyndar aðferðir sem sýnt hefur verið fram á að skili árangri. Samstarf við stofnanir og félagasamtök, innan sem utan Reykjavíkurborgar, verður eft og sérstök áhersla lögð á víðtækt samstarf innan og á milli hverfa í tengslum við verkefnið *Betri borg fyrir börn*. Áfram verða veittir styrkir úr þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs til að styðja við nýsköpun, stuðla að virku samstarfi og tryggja áframhaldandi gæði og metnað á starfsstöðum við innleiðingu menntastefnunnar. Virkum stuðningi við styrkjasókn í innlenda og alþjóðlega sjóði verður veittur áfram til að tryggja nýsköpun, framþróun og aðgang að þekkingu.

### Tenging við menntastefnu







---

## Hagnýting stafrænnar tækni

Lögð er áhersla á ábyrga, skapandi og framsækna notkun stafrænnar tækni í gróskufullu skóla- og frístundastarfi. Stutt verður við fjölbreyttar þarfir barna og starfsfólks og þeim veitt jöfn tækifæri til að nýta margvíslegan tæknibúnað, rækta hæfileika sína og blómstra í námi og starfi. Hlúð verður að heildstæðri notkun stafrænnar tækni með öflugum tæknilegum innviðum, notendamiðaðri þjónustu, átaki í persónuverndarmálum, kennslufræðilegri ráðgjöf og fjölbreyttri starfsþróun með áherslu á þróun lærdómssamfélags. Stafræn hæfni tekur mið af alþjóðlegum viðmiðum og með umbótamiðuðum þróunarverkefnum er hugað sérstaklega að stafrænni borgaravitund, samráði og samstarfi milli starfsstaða sviðsins og stofnana utan þess. Stafræn miðlun er nýtt til að efla samstarf heimila og starfsstaða og gefa innsýn í kraftmikið skóla- og frístundastarfi í borginni.

## Tenging við menntastefnu





Leiðarljós  Fagmennska og samstarf í öndvegi	Leiðarljós  Barnið sem virkur þátttakandi	Grundvallarþáttur  Sköpun	Grundvallarþáttur  Læsi
---	--	--	---

---

## Húsnæði og búnaður

Enn frekari áhersla verður lögð á viðhald og endurnýjun húsnæðis og búnaðar til að tryggja heilnæmt og örvasandi umhverfi fyrir börnin í borginni. Kappkostað verður að endurnýja og efla tölvu- og tæknibúnað. Hugað verður sérstaklega að fjölbreyttum þörfum barna og starfsfólks í daglegu starfi og skapað rými fyrir teymisstarf, hópastarf, verkefni sem krefjast næðis, svæði til hreyfingar, sköpunar, verklegra verkefna og annarrar fjölbreyttrar starfsemi. Með samtali og samvinnu leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs, undir handleiðslu skóla- og frístundaskrifstofa í hverfum borgarinnar, verður leitað leiða til að nýta mannvirki betur innan sem utan hins hefðbundna skóla- og frístundadags. Áhersla verði lögð á að bæta aðgengi að öllum starfsstöðum skóla- og frístundasviðs.

## Tenging við menntastefnu

Leiðarljós  Fagmennska og samstarf í öndvegi	Leiðarljós  Barnið sem virkur þátttakandi	Grundvallarþáttur  Sköpun	Grundvallarþáttur  Heilbrigði
---	--	--	---


---





LÁTUM  
**DRAUMANA**  
RÆTAST

**MENNTASTEFNA**  
**REYKJAVÍKURBORGAR**  
**TIL 2030**



## FRAMTÍÐARSÝN

---

**Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.**

### Tilgangur og áskoranir

---

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Menntastefna Reykjavíkurborgar er mótuð í samstarfi þúsunda borgarbúa; með aðkomu barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, foreldra, starfsfólks skóla- og frístundasviðs, kjörinna fulltrúa, innlendra og erlendra ráðgjafa og almennings.


---

**Tilgangur stefnu-  
mótunarinnar er að ná  
viðtækri samstöðu um  
framtíðaráherslur í skóla-  
og frístundastarfi í  
Reykjavík og skerpa  
forgangsröðun  
mikilvægustu  
umbótaverkefna.**

---

Menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur okkur til að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Stefnan hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð en um leið valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.

Það er mikilvægt verkefni að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika. Á sama tíma þarf menntun að auka grundvallarþekkingu barna á samfélagi og náttúru og taka mið af niðurstöðum innlendra og erlendra rannsókna á gæðum menntunar.



## LEIÐARLJÓS

---

### Barnið sem virkur þátttakandi

---


Menntastefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Ríkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla og núgildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar.

---

**Uppeldi og menntun  
barna og unglunga er  
samfélagslegt verkefni  
og á sér stað bæði með  
formlegum og  
óformlegum hætti.**

---

Með því að byggja á menningararfi samfélagsins og árangri á margvíslegum sviðum vísinda, fræða, lista, íþróttar, jafnréttis og forvarna er skapaður frjór jarðvegur fyrir framúrskarandi menntun í skóla- og frístundastarfi. Þar eru virkni barna og lýðræðisleg þátttaka í leik og starfi mikilvæg leiðarljós. Veita þarf börnum viðeigandi stuðning og byggja á styrkleikum þeirra og bakgrunni svo að þau geti haft áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi. Stafræn tækni er nýtt í skóla- og frístundastarfi til að auðga menntun og veita börnum fjölbreytt tækifæri til sköpunar og tjáningar. Menntastefnan myndar umgjörð um menntun sem byggir á farsælu skóla- og frístundastarfi í borginni en tekur um leið framtíðinni opnum örmum og veitir nýrri tækni, þekkingu, hugmyndum og fjölbreytileika farveg.



## LEIÐARLJÓS

---

### Fagmennska og samstarf í öndvegi

---


Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar fram-sækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti. Hlutverk starfsfólks skóla- og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmeningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örur breytingum. Í þessu samhengi skiptir miklu að virkja áhuga og ástríðu allra barna og unglunga en það hefur bein áhrif á árangur þeirra. Til þess að það takist þarf að styðja faglegt frumkvæði starfsfólks, veita því rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Tryggja þarf að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.

---


**Fjölskyldur barna í skóla- og frístundastarfi eru mikilvægir samstarfsaðilar þeirra sem þar starfa og deila með þeim ábyrgð á menntun og uppeldi.**

---

Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra og vinnur að þróun leiða sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og foreldra. Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða, milli starfsstaða og við stofnanir og aðila í samfélaginu stuðlar að þróun menntunar.







## MEGINMARKMIÐ

---

**Meginmarkmið  
stefnunnar er að öll börn  
vaxi, dafni og uni sér  
saman í lýðræðislegu  
samfélagi sem  
einkennist af  
mannréttindum og  
virðingu fyrir  
fjölbreytileika mannlífs.**


---

Unnið verður að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börnin lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl.

Menntastefnan byggir á fimm grundvallarpáttum:  
**félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði.**



FÉLAGSFÆRNI



## FÉLAGSFÆRNI


---

### Samfélagsleg ábyrgð og virkni

---

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogaþæfni. Félagfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.





## SJÁLFSEFLING


---

### Sterk sjálfsmýnd og trú á eigin getu

---

Sjálfsefling felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsefling byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmýnd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.






## LÆSI

---


### **Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi**

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.



SKÖPUN






## SKÖPUN

---

### Skapandi hugur og hönd

---

Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið.





## HEILBRIGÐI

---

### Heilbrigður lífsstíll og vellíðan

---

Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið